

Fundargerð 93. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: Föstudagur 10. júní 2022 klukkan 11:00.

Björg Ágústsdóttir (formaður), Hilmar Már Arason, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara á Teams.

Formaður setti síðasta fund skólanefndar, en skipun þessarar skólanefndar rennur út 12. júní 2022. Formaður skólanefndar á Teams/í síma.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram.

Formaður mun senda ábendingar í tölvupósti.

2. Rekstrarniðurstöður fyrra árs.

Guðrún Jóna Jósepsdóttir, fjármálastjóri kynnti rekstrarniðurstöðu fyrra árs. Árið 2019 var með tæplega 10 m. kr. í halla og árið 2020 með tæpar 11 m. kr. í halla. Niðurstaða ársins 2021 er jákvæð um 4,6 m.kr. Tekjur voru 357,4 m. kr. á árinu og gjöld 352,8 m. kr. Launakostnaður árið 2021 var um 276 m. kr. eða tæp 80% af útgjöldum stofnunarinnar.

3. Niðurstaða náms á vorönn.


Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari kynnti niðurstöðu náms á vorönn 2022.

Vorönn 2022

Heildareiningar staðnema eftir brautum í upphafi annar

Niðurstaða vorannar

Braut	Fjöldi nemenda	Einingar	Ársnemendur	Nemendur sem skila einingum	loknaðar einingar	ársnemendur
Starfsbraut	9	265	8,83	9	215	7,16
Félags- og hugvísindabraut	35	1043	34,76	32	859	28,63
Náttúru- og raunvísindabraut	24	737	24,56	23	651	21,7
Nýsköpunar- og frumkvöðlabr.	10	299	9,96	9	221	7,36
Opin braut	16	398	13,26	16	336	11,2
Íþróttabraut	9	273	9,1	9	223	7,43
Framhaldsskólabraut 1	1	14	0,46	1	5	0,16
Framhaldsskólabraut 2	4	99	3,3	2	35	1,16
Grunnskólanemi	1	5	0,16	1	5	0,16
	109	3133	104,39	102	2550	84,96



Heildareiningar fjarnema eftir brautum í upphafi annar				Niðurstaða vorannar		
Félags- og hugvísindabraut	13	231	7,7	13	181	6,03
Náttúru- og raunvísindabraut	2	26	0,7	2	26	0,86
Opin braut	44	484	16,13	30	331	11,03
Íþróttabraut	1	21	0,96	1	21	0,7
	60	762	25,49	46	559	18,62
Samanlagt	169	3895	129,88	148	3109	103,58

4. Innritun vegna haustannar 2022.

Það eru 87 staðnemar skráðir til náms á haustönn 2022 og 69 fjarnemar. Innritun nýnema stendur til miðnættis. Í gær voru komnar 20 umsóknir nýnema. Það eru aðeins 30 nemendur á upptökusvæði skólans á árgangi 2006. Árgangur 2006 er mjög fámennur á landsvísi. Það er hópur erlendra nemenda á svæðinu að skrá sig í íslensku sem annað tungumál í fjarnámi. Það munu koma upplýsingar um þennan áfanga á heimasíðu skólans í dag.

5. Samningur vegna framhaldsdeildar.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari hefur fundað með bæjarráði Vesturbyggðar um deildina. Nýr samningur byggir á eldra samkomulagi. Undirritun nýs samningsins mun fara fram í ágúst. Það er mikil ánægja með deildina og samninginn og mikil velvild í garð deildarinnar.

6. Útilistaverk við FSN.

Úkraínskir listamenn ætla að kynna fyrir stjórnendum skólans hugmynd að listaverki við FSN í næstu viku, 16. júní 2022. Verkið er hugsað sem kynning á skólanum og á að vera svolítið myndavænt.

7. Önnur mál.

- Hilmar Már Arason þakkar nefndarfólki fyrir gott samstarf og góðar veitingar. Nefndarfólk tekur í sama streng. Formaður skólanefndar hefur starfað í 18 ár og gefur ekki kost á sér áfram. Björgu þakkað fyrir gott starf. Vilborg Lilja tók í sama streng og þakkaði gott samstarf.
- Góðar og gagnlegar umræður um nemendur með annað tungumál en íslensku. Vilji frá FSN til að koma betur til móts við þennan hóp nemenda.
- Gleðilegt sumar!

Fundi slitið klukkan 12:10.